



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 25/2009

## **Breyting á skilmálum bílasamninga SP – Fjármögnunar hf.**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Í tilefni ábendinga frá neytendum sendi Neytendastofa SP – Fjármögnun hf., hér eftir nefnd SP, bréf, dags. 13. mars 2009, þar sem gerð var athugasemd við framkvæmd skilmálabreytingar SP á bílasamningi, með vísan til 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og ákvæða í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Í bréfinu kom fram að SP hafi að undanfögnu boðið viðskiptamönnum sínum sem gert hafa bílasamning, kaupleigu, í erlendri mynt við fyrirtækið, samkomulag um breytingu á skilmálum samningsins. Í samkomulaginu er skilmálabreytingin nánar útfærð og er hún sögð ætluð til að létta skuldara greiðslubyrðina a.m.k. tímabundið. Þar segir m.a.:

*„Með undirritun sinni á núgildandi almenna skilmála leigusala viðurkennir leigutaki að hann hafi lesið alla almenna skilmála sem við eiga og átti sig á inntaki þeirra og sé þeim í einu og öllu samþykktur. Undirritaðir almennir skilmálar leigusala eru hluti af skilmálabreytingu þessari. Önnur ákvæði samningsins haldast óbreytt að öðru leyti en að framan greinir.“*

Með samkomulaginu fylgja almennir samningsskilmálar bílasamnings SP sem vísað er til og viðskiptavinum gert að rita undir. Skilmálarnir eru mjög ítarlegir í 19 greinum.

Í bréfi Neytendastofu kemur fram að í fljótu bragði virðist almennu skilmálarnir vera þeir sömu og almennir skilmálar sem í gildi voru þegar upphaflegur bílasamningur var gerður. Séu almennu skilmálarnir sem fylgdu samkomulaginu um breytingu á bílasamningnum grannt lesnir kemur þó í ljós að bætt hefur verið inn nýrri grein frá fyrri skilmálum. Hana er að finna í 3. mgr. 2. gr. en þar segir:

*„SP-Fjármögnun hf. er heimilt að breyta vaxtaálagi samnings til hækkunar eða lækkunar einu sinni á ári út leigutíma og skal það gert að undangenginni sérstakri tilkynningu á gjalddögum*



*afborgunar og/eða vaxta. Vilji leigutaki ekki sæta breytingu vaxtaálags er honum heimilt að greiða samning upp með því álagi sem í gildi var fram að breytingunni enda hafi hann greitt hann upp að fullu innan 30 daga frá dagsetningu framangreindrar tilkynningar. Uppgreiðsluþóknun kemur ekki til við uppgreiðslu skv. þessu ákvæði.“*

Í upphaflegum almennum skilmálum er ekki kveðið á um vaxtaálag, en í bílasamningnum segir að vextir séu með föstu vaxtaálagi. Með samkomulagi um skilmálabreytingu er því ekki breytt og ekki vakin sérstök athygli á þeirri breytingu sem gerð er á almennum skilmálunum.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu til SP, dags. 28. apríl 2009, var ítrekað fyrra bréf stofnunarinnar þar sem ekkert svar hafði borist.

Svar SP barst stofnuninni með bréfi, dags. 15. maí 2009, þar sem því er hafnað að um brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 eða laga nr. 7/1936 sé að ræða. Með aðgerðunum sé ekki gengið á rétt lántaka heldur sé haldið opnum þeim möguleika að breyta vaxtaálagi í samræmi við breytingar á fjármáلامarkaði með hækkun eða lækkun þess.

Í bréfum kemur fram að ákvæðinu hafi verið bætt inn í almenna skilmála SP í maí 2008 og gildi því nú þegar vegna verulegs hluta allra bílasamninga félagsins. SP telji að um eðlilega kröfu sé að ræða við skuldbreytingu sem feli í sér breytingu á forsendum samningsins til hagsbóta fyrir skuldara sökum greiðsluferfiðleika hans. Þegar þannig sé háttáð falli skuldari alla jafna niður í lánshæfismati og því ekki óeðlilegt að krefjast hærri vaxta ef framkvæma eigi skuldbreytingu þar sem líkur á vanskilum hafi aukist.

Sökum utanaðkomandi áhrifa hafi skuldastaða einstaklinga versnað til muna og með þessari nálgun telji SP að um meiri ívilnun sé að ræða en að öllu jöfnu yrði samþykkt þ.e.a.s. í stað þess að hækka vexti við skuldbreytingu sé þess krafist að nýir skilmálar gildi og þar með heimild sú sem vitnað sé til í bréfi Neytendastofu. Tekið skuli fram að ákvæðið kveði á um heimild SP til að hækka eða lækka álag og muni sú heimild nýtt mjög takmarkað í hvora átt sem er ef forsendur á lánamörkuðum breytist svo nokkru nemi.



## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu hefur SP breytt samningi um fast vaxtaálag með breytingu á almennum skilmálum vegna greiðsluferfiðleika, þannig að í stað þess að samningurinn beri fast vaxtaálag sé SP heimilt að breyta vaxtaálagi árlega.

Í erindi Neytendastofu var vísað til ákvæða 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmætra viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í bréfi Neytendastofu til SP er einnig vísað til ákvæða 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Í 36. gr. laganna segir:

*„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. þó 36. gr. c. Hið sama á við um aðra löggerninga.“*

Ákvæði 3. mgr. 36. gr. c. sömu laga er svohljóðandi:

*„Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í*



*heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.“*

Neytendastofa hefur heimildir til að taka ákvarðanir allsherjaréttarlegs eðlis um að víkja frá samningsskilmálum á grundvelli 36. gr. a – d samningalaga nr. 7/1936. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 14/1995 um breytingu á lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, þar sem ákvæðum 36. gr. a. – d. var bætt við lög nr. 7/1936, kemur fram að samkeppnisyfirvöldum, sbr. lög nr. 8/1993, sé auk dómstóla ætlað að tryggja framkvæmd ákvæða laganna sem séu alsherjaréttarlegs eðlis. Með gildistöku nýrra samkeppnislaga nr. 44/2005 voru ákvæði eldri laga nr. 8/1993 þar sem fjallað var um vernd neytenda felld á brott og tekin upp sem ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nú lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og síðari breytingum. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/2005 er eftirlit með lögnum í höndum Neytendastofu.

## 2.

Sem að framan greinir bauð SP viðskiptavinum sínum, sem þess óskuðu, að breyta skilmálum til að léttu greiðslubyrði í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar. Af sama tilefni var almennum skilmálum breytt til samræmis við nýja almenna skilmála án þess að viðskiptavinum SP væri sérstaklega gerð grein fyrir því að breyting á greiðslubyrði fæli í sér frekari skilmálabreytingu á bílasamningnum.

Eins og að framan greinir er álag á vexti fast skv. ákvæðum samningsins. Með breytingu á almennum skilmálum samningsins var bætt við nýju ákvæði þar sem fram kemur að SP geti á ári hverju breytt vaxtaálagi. Sú breyting var ekki kynnt viðskiptamönnum sem óskuðu eftir skilmálabreytingu til að léttu greiðslubyrði. Þá var ekki gerð breyting á ákvæði samningsins til samræmis við hina breyttu almennu skilmála. Neytendastofa telur ljóst að sú breyting sem gerð var á almennum skilmálum samningsins leiði til ósamræmis milli ákvæða samningsins og almennra skilmála hans.

Að mati stofnunarinnar er engum vafa undirorpið að það hafi veruleg áhrif á ákvörðun neytenda um að ganga að lánssamningi hvort vextir og álag á vexti sé fast eða breytilegt. Sé ákvæði um fast vaxtaálag breytt og SP gefin einhliða heimild til að breyta vaxtaálagi árlega er því um verulega breytingu á efni samningsins að ræða.

Í lánaviðskiptum tveggja aðila þar sem lánveitandi hefur atvinnu af útlánum en lántaki er einstaklingur endurspeglast samningsstaða aðila oft í því að lánveitandi hefur ákveðið einhliða almenna skilmála samningsins. Hann hefur auk þess sérþekkingu og þar af leiðandi sterkari stöðu gagnvart lántaka. Almennt verður að gera þá kröfu til lántaka að hann kynni sér þá skilmála sem



gilda um samninginn fyrir undirritun. Þegar breytingar eru gerðar á skilmálum telur Neytendastofa að rík skylda hvíli á lánveitanda að kynna fyrir lántaka í hverju breytingarnar felast einkum með tilliti til ójafnvægis í samningsstöðu aðilanna. Á það sérstaklega við þegar breytingarnar fela í sér breytingu á kjörum lántaka.

Í máli þessu er gerð viðamikil breyting á skilmálum bílasamninga, kaupleigu, í erlendri mynt án þess að hún sé kynnt neytendum. Breytingin kemur einungis fram í almennum skilmálum sem fylgdu samkomulagi um skilmálabreytingu og felur í sér að þeir verða í ósamræmi við efni upphaflega samningsins. Að mati Neytendastofu verður efni undirritaðs samnings ekki breytt með einfaldri breytingu á almennum skilmálum. Þá telur stofnunin sérstaklega ámælisvert að svo viðamikil breyting sé gerð á samningi án þess að neytendum sé gerð sérstök grein fyrir henni og hvaða þýðingu breytingin hefur í för með sér fyrir neytandann.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að sú skilmálabreyting SP að heimila einhliða breytingu á vaxtaálagi brjóti gegn ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með heimild í 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bannar Neytendastofa SP að gera breytingar á almennum skilmálum bílasamninga, kaupleigu, í erlendri mynt sem fela í sér breytingu á vaxtaálagi eða öðrum kjörum lántaka.

Með vísan til þess sem fram hefur komið og heimild í 1. mgr. 36. gr. samningalaga, sbr. 3. mgr. 36. gr. c. sömu laga, telur Neytendastofa rétt að víkja til hliðar breytingu á almennum skilmálum bílasamnings SP, þar sem fram kemur heimild til handa SP að breyta vaxtaálagi árlega.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„SP – Fjármögnun hf., Sigtúni 42, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að breyta almennum skilmálum bílasamninga, kaupleigu, í erlendri mynt, þeirra sem óskuðu eftir skilmálabreytingu vegna greiðsluferfiðleika, á þá leið að föstu vaxtaálagi skv. undirrituðum samningi við neytanda skuli framvegis vera unnt að breyta árlega.

Með vísan til 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er SP – Fjármögnun bannað að breyta skilmálum bílasamninga með almennum hætti feli breytingin í sér breytingu á kjörum lántaka.

Með vísan til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, samanber 3. mgr. 26. gr. c. sömu laga, er breytingu á almennum skilmálum bílasamnings SP – Fjármögnunar, þar sem fram kemur heimild til handa SP – Fjármögnunar, að breyta vaxtaálagi árlega, vikið til hliðar.“

Neytendastofa, 24. september 2009

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir